

Reykjavík 16. mars 2006.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Það reynist mörgum erfitt að sætta sig við þegar mælt er með heyrnartækja meðferð, að þetta sé einhver endapunktur. Að setja fólk með heyrnarvandamál í hóp með einstaklingum sem þurfa þjónustu sjónstöðvar gefur þeim alranga mynd af stöðu sinni. Það er okkar skoðun að sjón og heyrn eigi ekkert sameiginlegt. Það væri þá helst að ný stofnun sinni þeim einstaklingum með heyrnarvandamál sem væru jafn alvarleg og sjónvandamál viðskiptavina sjónstöðvarinnar. Almennur heyrnartækjanotandi gæti fengið sína þjónustu annars staðar.

**Breytt umhverfi heyrnartækjanotanda:**

Heyrnartap þeirra sem njóta niðurgreiðslu þarf að vera meira en áður og það telur því að vandamálið sé ekki eins stórt og það hélt og ákveður að bíða.

Tvær einkareknar stöðvar taka til sín umtalsverðan hluta þjónustunnar, þess má geta að þær sitja ekki við sama borða, viðskiptavinir annarrar njóta niðurgreiðslu en ekki hinnar. Okkur þætti vænt um að nefndin tæki þessa mismunun til umfjöllunar.

Algengasta vandamál heyrnartækjanotenda er eyrnamergur og ef að hann er í tækinu er því sinnt á HTÍ en ef vandamálið er í eyranu er fólk vísað frá HTÍ og það sækir sína þjónustu annars staðar. Þá er algengt að fólk þurfi að fá lækniþjónustu á stofu áður en það kemur í heyrnarmælingu á HTÍ.

Virðingarfyllst,

---

Kristín Árnadóttir